

30 ára afmælisdagur Betadeildar

Þann 2. júní 2007 voru liðin 30 ár frá stofnun Betadeildar og var ákveðið að halda upp á afmælið með veglegum hætti.

Sú venja hefur skapast að minnast afmæla deildarinnar á 5 ára fresti með því að veita viðurkenningu einhverri konu á starfssvæði deildarinnar sem hefur látið til sín taka í mennta- eða menningarmálum. Að þessu sinni var ákveðið að Heiðdís Norðfjörð yrði fyrir valinu fyrir framlag sitt til barnamenningar.

Dagskrá afmælisdagsins hófst þegar félagskonur mættu ásamt Heiðdísi og gestum hennar á veitingastaðinn Friðrik V. kl. 11.30. Þar var fjallað í stuttu máli um feril Heiðdísar og Sandra Marin Sigurðardóttir, nemandi í 7. bekk Glerárskóla las upp úr verkum hennar. Heiðdísi var fært heiðursskjal og leirkertastjaki eftir Rannveigu Tryggvadóttur að gjöf, auk þess sem hún fékk rauða rós, tákn DKG, og bókina um listakonuna Elísabetu Geirmundsdóttur. Að þessu loknu var snæddur léttur hádegisverður sem Friðrik og fólk hans hafði matreitt að mestu úr hráefnum af Eyjafjarðarsvæðinu. Góð mæting var í þessa litlu athöfn, en rétt um 20 konur voru á staðnum.

Eftir notalega stund á Friðrik V. fóru konur að tygja sig af stað, því 13 Betasystur ætluðu að fara í rútuferð til Húsavíkur undir stjórn Margrétar Kristínar sem er vanur leiðsögumaður og Húsvíkingur að uppruna. Var lagt af stað frá HA kl. 14.00 og ekið sem leið lá til Húsavíkur í góðu, en eilítið þungbúnu veðri. Fyrst var stoppað í Safnahúsinu þar sem Guðni Halldórsson tók á móti hópnum og sýndi það markverðasta sem þar var að sjá. Meðal annars átti þar að fara að opna sýningu í tilefni af 100 ára afmæli Húsavíkurkirkju sem vígð var 1907. Eftir skoðunarferðina um Safnahúsið gafst færi á að líta aðeins inn í kirkjuna. Því næst var ekið að vinnustað Hönnu Salómons dóttur, en hún veitir forstöðu sambýli fyrir fatlaða. Heimilismenn voru að heiman, en Hanna bauð hópnum inn, bauð upp á veitingar og sagði frá starfi sínu á sambýlinu. Næst var ekið að skruðgarði þeirra Húsvíkinga og hópurinn gekk þar stuttan spöl upp með Búðará í fögru umhverfi. Þá var aftur stigið upp í rútuna og farið að Hvalasafninu. Þar tók Ásbjörn Björgvinsson á móti hópnum og leiddi hann gegnum safnið, sem sífellt vex og dafnar.

Hópurinn endaði síðan Húsvíkurferðina á veitingastaðnum Gamla bauk þar sem borðaður var kvöldverður. Undir borðum rifjaði Jóhanna upp stofnun Betadeildar fyrir 30 árum og nokkra minnisstæða atburði úr sögu deildarinnar. Ingibjörg Einarsdóttir landsambandsforseti, sem tekið hafði þátt í allri dagskrá afmælisdagsins, flutti deildinni kveðjur Landsambandsins. Þeir stofnfélagar Betadeildar sem voru á staðnum fengu rósir, en það voru Hanna, Jóhanna og Margrét A. Afhenda átti afmælisbörnum starfsársins afmælisgjafir, en einungis Ragnheiður Stefánsdóttir var á staðnum og tók hún við sinni gjöf. Margrét var þökkud leiðsögnin með rós og einnig þótti við hæfi að Anna Þóra, tilvonandi forseti landsambandsins, fengi rós með góðum óskum frá Betadeild. Maturinn var snæddur í rólegheitum og vorlög sungin milli atriða. Um kl. 22.00 var lagt af stað heim á leið og hafði þá sólin náð að senda nokkra geisla gegnum skýin. Ánægjulegur og eftirminnilegur dagur var að kveldi kominn og lauk þar með vetrarstarfi Betadeildar.